



Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Eygló Björnsdóttir

Aukið álag og áreiti:

Áhrif efnahagshrunsins á leikskólastarf

► **Um höfunda** ► **Efnisorð**

Síðla árs 2008 varð niðursveifla í hagkerfi Íslendinga sem leiddi af sér efnahagshrun. Í kjölfar þess þurftu sveitarfélög að hagræða í rekstri sínum og beindust aðgerðir meðal annars bæði að leik- og grunnskólum. Áhrif og afleiðin gar þessa á starfsemi leikskóla eru tilefni þessarar rannsóknar.

Rannsóknin fór fram vorið 2014 og hafði það að markmiði að leita svara við því að hvaða marki leikskólastjórar teldu að niðurskurður í kjölfar hrunsins hefði haft áhrif á starfsemi leikskóla, bæði hvað varðar rekstrarlega þætti og þætti sem snúa að faglegu starfi í leikskólanum. Rafrænn spurningalisti var sendur til 106 leikskólastjóra og var svarhlutfall 64%. Spurt var um þær aðstæður sem sköpuðust í leikskólanum eftir hrun, en einnig um mat leikskólastjóra á áhrifum þeirra. Spurningar voru bæði lokaðar og hálfopnar og megináhersla var lögð á að greina eiginleg svör.

Niðurstöður sýna að efnahagshrunið hefur haft veruleg áhrif á rekstrarumhverfi leikskóla, ekki hvað síst á starfsmannahald, samráðsfundi kennara og stjórnun. Námskrágerð og þróunarstarf hefur setið á hakanum og álag á skólastjóra og kennara hefur aukist. Aðrar íslenskar rannsóknir á áhrifum hrunsins á leikskólastarf hafa gefið svipaðar niðurstöður. Það gefur tilefni til að álykta að niðurskurður hafi komið niður á faglegu starfi og að hlúa hafi þurft betur að leikskólum fjárhagslega.

Increased stress and strain: Effects of the economic collapse on preschools

► **About the authors** ► **Key words**

In Iceland, the financial downturn of 2008 which led to an economic meltdown in October that year incurred severe austerity measures, followed by downscaling in the services provided by local authorities. The impact of this on the operation of preschools is the subject of this study.

The Preschool Act (Act No. 90/2008) states that preschool is the first school level and this has been the situation since 1991 (lög nr. 48/1991 [Preschool Act.]). The current Act states that local authorities are responsible for guaranteeing children a place in preschool. Even though it was emphasized in a statement by the Minister of Transport, Communications and Local Government, as well as by the Executive Board of the Icelandic Association of Local authorities, shortly after the collapse, that not all children have an absolute right to attend preschool, it is also stated that special

care shall be taken of children with disabilities or special needs (Samband íslenskra sveitarfélaga [The Association of Local Authorities in Iceland], 2008). The policy of local authorities is clear; they consider their obligations to operate preschools limited, and therefore some children's access to education may be restricted.

Since the economic collapse in 2008 the daily attendance of children in preschools has lengthened and a higher proportion of young children attend preschool than ever before (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2011b). In the year 2013 more than 6000 preschoolers spent nine hours or more at the school each day, of whom 1600 were two years old or younger (Hagstofa Íslands [Iceland Statistics n.d.], e.d.a). It is rare in other countries that the school day of children under four years is that long (European Commission/EACEA/Eurydice/Eurostat, 2014). The Ombudsman for Children in Iceland has expressed concern about the pre-schoolers' long day at school and says this necessitates taking special care in the nurturing and upbringing of children. Some researchers share this view (see Anna Magnea Hreinsdóttir, 2009; Arna H. Jónsdóttir, 2012; Arna H. Jónsdóttir, Bryndís Garðarsdóttir and Jóhanna Einarsdóttir, 2013).

Early in 2011 the authors of this article conducted a study in preschools for the purpose of obtaining a clearer view of the impact of external factors on operational aspects, professional work, management and the well-being of children and staff in preschools (Anna Elísa Hreiðarsdóttir and Eygló Björnsdóttir, 2016). When the data from that study was analyzed it was observed that the operation of preschools seemed to have changed significantly since the financial meltdown. Today, when more time has passed, it would be interesting to know to what extent the preschool principals evaluate the effect of the financial cuts on the operation of their schools and how they define the effect. This was the motivation for this study. There are few Icelandic studies on this subject and therefore this is an important contribution to knowledge in the field.

The study was conducted in the spring of 2014 and the main goal was to seek the opinion of preschool principals regarding the influence of the financial collapse on the operation of schools, both regarding operational aspects and the professional work being conducted within the schools. Operational aspects relate, for example, to the financial operation of schools, budgets, and their impact on personnel and resources. When discussing the professional work, this refers to how the budget is used in the schools' operation, what influence it has on policy, curriculum and school development, working with parents etc. Although the discussion is categorized in this way, both factors are closely linked and often difficult to separate. Electronic questionnaires were sent to 106 principals and the response rate was 64%. The questionnaire was used to ask about the circumstances that arose in the preschools after the collapse, but also the principals' evaluation of their effects. Both open and semi-open questions were used and the main emphasis was placed on analyzing qualitative responses.

The main findings were that the cutbacks following the economic collapse did have an impact on both the operational aspect and the professional work in preschools. There were negative effects on; personnel management, maintenance and purchases, and also on curriculum and school development. These were manifested in increased stress and illness of teachers, as well as in a decline in specialist services, and in the support system. Some preschool principals evaluated the effects of cutbacks as positive since they involved a lengthening of the summer recess. Other research in this area has shown similar findings.

Inngangur

Niðursveiflan í hagkerfi Íslands árið 2008 leiddi til efnahagshruns og í kjölfarið fylgdi hagræðing og niðurskurður á margvíslegri þjónustu sveitarfélaganna, meðal annars í skólum. Stuttu eftir hrun sendu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga frá sér yfirlýsingu þar sem kemur fram að ekki eigi öll börn afdráttarlausan rétt á leikskóla. Þó kemur fram að gæta eigi sérstaklega að börnum með fötlun eða sérþarfir (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2008). Stefna sveitarfélaganna er skýr, þau telja skyldur sínar til að reka leikskóla takmarkaðar og að þau geti stýrt aðgengi barna að menntun, þó að núgildandi lög (lög nr. 90/2008) kveði á um að sveitarfélög hafi lagalega skyldu til að tryggja börnum leikskóladvöl. Slík stýring hefði óhjákvæmilega í för með sér mismunun, ýmist eftir félagslegri stöðu, búsetu, aldri eða getu.

Frá hruni hefur dagleg viðvera barna í leikskóla lengst og stærra hlutfall yngri barna er í leikskóla en nokkru sinni áður (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2011b). Árið 2013 dvöldu meira en 6000 leikskólabörn níu klukkutíma eða lengur í skólanum daglega, þar af voru 1600 þeirra tveggja ára eða yngri (Hagstofa Íslands, e.d.a). Það er fátítt í öðrum löndum að skóladagur barna yngri en fjögurra ára sé svo langur (European Commission/EACEA/Eurydice/Eurostat, 2014). Umboðsmaður barna hefur lýst áhyggjum af löngum skóladegi leikskólabarna og segir það kalla á að vandað sé til umönnunar og uppeldis barnanna. Fleiri deila þeirri skoðun (sbr. Önnu Magneu Hreinsdóttur, 2009; Örnú H. Jónsdóttur, 2012; Örnú H. Jónsdóttur, Bryndísi Garðarsdóttur og Jóhönnu Einarsdóttur, 2013). Allt eru þetta atriði sem sýna mikilvægi þess að leikskólum sé fjárhagslega gert kleift að sinna lagalegri og faglegri skyldu sinni.

Vorið 2011 gerðu greinarhöfundar rannsókn í leikskólum þar sem markmiðið var að fá skýrari sýn á áhrif ytri þátta á rekstur, faglegt starf, stjórnun og líðan í leikskólum (Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Eygló Björnsdóttir, 2016). Það vakti athygli þegar rýnt var í gögnin úr þeirri rannsókn að svo virtist sem margt í starfi leikskóla hefði breyst eftir hrun. Vakti það forvitni á að kanna, nú þegar lengra var um liðið frá hruni, í hve miklum mæli leikskólastjórar teldu að það hefði haft áhrif á starfsemi skóla þeirra og hvernig þau áhrif lýstu sér. Það er kveikjan að rannsókninni sem þessi grein byggist á. Hún var gerð vorið 2014 og markmið hennar var að leita svara við því hvort og þá að hvaða marki leikskólastjórar teldu að niðurskurður á fjárveitingum til leikskóla eftir hrunið 2008 hefði haft áhrif á rekstrarlega þætti og þætti sem snúa að faglegu starfi. Með rekstrarlegum þáttum er átt við fjárhagslegan rekstur skóla, fjárhagsáætlanir og áhrif þeirra á starfsmannahald og innkaup, svo dæmi sé tekið. Faglegir þættir taka síðan til þess hvernig unnið er úr fjárhagsáætlunum og þær útfærðar í starfi skólans, hvaða áhrif þær hafa á vinnu við stefnumótun, námskrágerð, þróunarstarf, samstarf við foreldra o.fl. Þó umfjöllun sé skipt með þessum hætti þá eru þættirnir samtvinnaðir og oft erfiðleikum bundið að aðskilja þá.

Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum niðurskurðarins á skólastarf, þó má nefna tvær rannsóknir sem báðar tóku til leik-, grunn- og framhaldsskóla. Fyrri rannsóknin fór fram í tveimur ólíkum sveitarfélögum sem höfðu orðið illa úti í hruninu og voru fjórir leikskólar í úrtakinu (Sigurlína Davíðsdóttir o.fl., 2012). Hin rannsóknin var gerð í Reykjavík og voru tveir leikskólar í því úrtaki (Steinunn Helga Lárusdóttir, Anna Kristín Sigurðardóttir, Arna H. Jónsdóttir, Bórkur Hansen og Guðný Guðbjörnsdóttir, 2015). Rannsóknin sem hér er kynnt er að því leytinu frábrugðin að viðfangsefnið er afmarkað við leikskóla og nær til 68 leikskólastjóra vítt og breitt um landið. Hún er því mikilvægur liður í því að varpa skýrara ljósi á aðstæður í leikskólum eftir hrun. Í rannsókninni var reynt að draga fram mynd af aðstæðum í leikskólum í kjölfar hrunsins út frá sjónarhóli leikskólastjóra og sú hugmynd lögð til grundvallar að hrunið væri áhrifavaldur í skólastarfi. Rannsóknarspurningar voru eftirfarandi:

- Að hvaða marki hafði niðurskurður í kjölfar efnahagshrunsins 2008 áhrif á rekstrarumhverfi leikskóla?
- Að hvaða marki hafði niðurskurður í kjölfar efnahagshrunsins 2008 áhrif á faglegt starf í leikskólum?

Efnahagshrunið og leikskólinn

Í ársbyrjun 2009, örfáum mánuðum eftir hrun, tók til starfa ný ríkisstjórn og í stjórnarsáttmála hennar var tilgreint að standa skyldi vörð um menntun (Samstarfsyfirlýsing ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, 2009). Í sameiginlegri yfirlýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2008) kom fram að tryggja þyrfti að grunnþjónusta yrði ekki skert og í forgangs röðun þeirra var leikskólinn skilgreindur sem grunnþjónusta. Hjördís Sigursteinsdóttir (2010) bendir á að eftir efnahagshrunið hafi stofnanir þurft að hagræða og víða hafi starfsmönnum verið fækkað og vinnuálag bæst á þá sem eftir voru. Í rannsókn sem gerð var til að kanna áhrif efnahagshrunsins á skólastarf kom fram að grunnstarfsemi skóla hefði í minna mæli verið viðhaldið í leikskólum en grunnskólum. Yfirvinna hefði verið tekin af, þrengra orðið um starfsmannahald og sértæka þjónustu og kennarar fyndu fyrir áhrifum þessa á gæði starfsins (Sigurlína Davíðsdóttir o.fl., 2012). Sannarlega var hagræðingaraðgerðum mismikið beitt eftir sveitarfélögum og misjafnt hvar borið var niður en ljóst er að áhrifin á leikskóla voru margþætt. Í gögnum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga (2009) kemur fram að hagrætt var í fyrirkomulagi starfsmannafunda og dregið úr afleysingum og yfirvinnu. Einnig voru undirbúningstímar færðir að lágmarki, starfsmönnum fækkað, stjórnunarhlutfall lækkað, börnum á hvern kennara fjölgað og sumarlokun lengd. Kristín Dýrfjörð (2011) segir að við hrun hafi sveitarfélög notað svigrúm til að túlka nýtilkomnar breytingar í lögum um leikskóla (nr. 90/2008) þannig að það gæfi þeim ráðrúm til niðurskurðar.

Í skýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga (2011b) er yfirlit yfir árangursríkar aðgerðir til hagræðingar á árunum 2009 og 2010. Þar eru sérstaklega nefndir tveir þættir tengdir leikskólum. Annars vegar eru nefndar breytingar á yfirstjórn leikskóla og hins vegar aðgerðir innan leikskólanna sem ekki eru skilgreindar frekar. Sameining leik- og grunnskóla er nefnd sem dæmi um velheppnaðar hagræðingaraðgerðir, ásamt faglegri uppbyggingu og aukinni skilvirkni í stjórnun (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2011a). Hér er vísað til þess að sveitarfélög sameinuðu annars vegar tvo til þrjá leikskóla í eina stjórnunareiningu og hins vegar voru leikskólar sameinaðir grunnskólum. Kristín Dýrfjörð (2011) segir að hugmyndir um sameiningu skóla séu sóttar til nýfrjálshyggju en áhrif hennar á leikskóla hafi vaxið undanfarin ár, sveitarfélög hafi einnig í auknum mæli boðið rekstur skóla út. Í umhverfi sem einkennist af markaðshyggju er hættu á að umræða um rekstrarlega þætti yfirgnæfi umræðu um faglega þætti. Í óháðri úttekt á sameiningarferlinu kemur fram að ekki hafi verið gert nægilegt ráð fyrir kostnaði við verkefnið, né heldur hvernig meta mætti hvernig til tókst. Við sameiningu leik- og grunnskóla hafi annar skólastjórinn tekið yfir og því hafi sú hættu verið fyrir hendi að ferlið bæri keim af yfirtöku fremur en sameiningu (Hallur Símonarson, 2014). Niðurstöður rannsókna hafa einnig sýnt að undirbúningur hafi ekki verið nægilegur, undirbúnings-tími hafi verið stuttur og ferlið haft neikvæð áhrif innan skólanna (Magnús J. Magnússon, 2014). María Birgisdóttir (2014) skoðaði upplifun millistjórnenda af sameiningu leikskóla. Hún reyndist vera fremur neikvæð og töldu þeir að gleymst hefði að sinna mannlega þættinum. Stuðning hefði vantað og yfirstjórn hefði ekki vandað til samskipta við fólkið í skólunum né hlustað á raddir þess. Elín Björk Einarsdóttir (2014) sagði álag á leikskólastjóra hafa aukist umtalsvert í skólum sem voru sameinaðir, aðgengi að skólastjóra hefði minnkað og erfiðara verið um vik með samskipti. Nokkrum vanda er bundið að yfirfæra niðurstöður erlendra rannsókna á sameiningu íslenskra leikskóla, bæði vegna skipulags menntamála og annarra aðstæðna. Þær sýna þó að ávinningur sameiningar er ekki alltaf sá sem sóst er eftir, hvorki fjárhagslegur né menntunarlegur (Howley, Johnson og Petrie, 2011).

Rannsakendum hefur þótt tilefni til að rýna í afleiðingar hrunsins út frá fræðum um skóla í kreppu (sbr. Sigurlínu Davíðsdóttur o.fl., 2012 og Eygló Illugadóttur, 2011). Hackman og Johnson (2009) segja skólakreppu skapa aðstæður sem hafi veruleg áhrif á starfsemi skóla og setji grunnildin í hættu. Herbane (2014) skilgreinir kreppu sem atburð sem erfitt sé að spá fyrir um, áhrifin geti verið mikil og ófyrirséð. Slíkir atburðir kalli á viðbrögð án tafar, burtséð frá því hvernig stofnun er í stakk búin til að takast á við verkefnið. Pepper, London, Dishman og Lewis (2010) segja að í slíkum tilvikum sé mikilvægt að bregðast hratt við og fyrirbyggja frekari neikvæð áhrif, forgangsraða og nýta bjargirnar. Sveigjanleiki skipti máli og samráð sé mikilvægur þáttur. Þannig megi koma í veg fyrir að afleiðingar verði verri en ástæða er til. Margt bendir til að vantað hafi upp á samráð við skóla, þ.m.t. kennara og foreldra, um mikilvæg atriði í skólunum í hagræðingaraðgerðum í kjölfar hrunsins (Steinunn Helga Lárusdóttir o.fl., 2015).

Skólastjórn á krefjandi tímum

Skólastjórnun á erfiðum tímum er krefjandi verkefni því aðstæður geta dregið fram verstu hliðar bæði stofnunarinnar sem einingar og stjórnendanna sjálfra (Hackman og Johnson, 2009). Rannsóknir sýna að forsenda þess að skóli nái árangri er að samverkandi þættir séu í lagi, þar með talin atriði eins og fjármál og viðbrögð við óvæntum atvikum (Sergiovanni, 2006). Fullan (2007) leggur mikla áherslu á að fagmenn í skólunum verði að finna að þeim sé treyst til að takast á við breytingar og að þeir séu hafðir með í ráðum. Án samvinnu eru breytingar oft dæmdar til að mistakast. Guðbjörg Gunnarsdóttir (2015) segir leikskólakennara telja það hindrun hvernig stjórn-sýslulegar ákvarðanir séu teknar ofan frá, án þess að starfsfólk eða kennarar séu almennilega undir þær búnir, eða fá að vera þátttakendur í ferlinu. Þórunna Rósa Ólafsdóttir (2014) segir að skólastjórar telji að tengsl við yfirstjórn utan skólanna séu minni en áður og þeir vilji meiri samvinnu og samskipti. Það kom einnig fram í rannsókn Rósu Hrannar Ögmundsdóttur (2013) að samskipti skólastjóra við menntamálaráðuneytið væru hverfandi og samskipti við aðra yfirmenn væru gjarnan ópersónuleg, mest í gegnum tölvupóst, þá síma og loks með fundum. Sigríður Björk Gylfadóttir (2011) segir leikskólastjóra leita styrks í stuðningsneti og vilja geta leitað til skóla-skrifstofa ef þörf er á, sérstaklega sé þetta mikilvægt fyrir leikskólastjóra í dreifbýli. Mikilvægi stuðnings kom einnig fram í rannsókn Helenu Jónsdóttur (2011).

Hlutverk skólastjóra er þrjúþætt og felur í sér faglega forystu, starfsmannastjórnun og rekstrarstjórnun (Bryndís Elfa Valdemarsdóttir og Sigurbjörg Rún Jónsdóttir, 2011). Niðurstöður rannsóknna sýna að hlutverk skólastjórna hafa breyst umtalsvert undanfarin ár og að það sem vegur þyngst sé að hlutur rekstrarstjórnunar hafi aukist á kostnað faglegra þátta og þó ný verkefni bætist við hverfi engin önnur í staðinn (Fullan, 2007). Í doktorsrannsókn Örmu H. Jónsdóttur (2012) kemur fram að skólastjórum finnist hin faglega hlið starfs þeirra líða fyrir vægi rekstrarlegra þátta. Kennarar eru heldur ekki ánægðir með hve mikill hluti starfs skólastjóra felst í atriðum tengdum rekstri á kostnað faglegra viðfangsefna (Börkur Hansen, Ólafur H. Jóhannsson og Steinunn Helga Lárusdóttir, 2008). Niðurskurður fjár til leikskóla í kjölfar hrunsins hefur án efa aukið rekstrarlegu viðfangsefnin sem margir skólastjórar hafa þurft að takast á við og þar með minnkað svigrúm fyrir aðra þætti í starfi þeirra. Þetta á þá sérstaklega við um faglegt forystuhlutverk skólastjóra. Möguleikar skólastjóra til að sinna faglegu starfi eru ein af forsendum þess að þeim líði vel í starfi (Ólafur Brynjar Bjarkason, 2014) en einnig hafa viðhorf rekstraraðila áhrif (Arna H. Jónsdóttir, 2012) sem birtast í því hvernig þeir sameinuðu skóla eða skáru niður í kjölfar hrunsins. Þess má að lokum geta að Laufey Axelsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir (2014) rannsökuðu áhrif hagræðingar í kjölfar hrunsins í kynjafræðilegu ljósi og segja stöðu leikskólakennara sem kvennastéttar hafa versnað. Það er ekki óþekkt að kreppur komi með misjöfnum hætti niður á fólki eftir kyni (Borland og Sutton, 2007). Þorgerður Einarsdóttir (2010) segir að þó þess megi ekki greina merki strax í kjölfar kreppu, þá séu líkur á að þegar frá líði hafi hún í för með sér aukið atvinnuleysi meðal kvenna, m.a. vegna niðurskurðar hins opinbera.

Áhrif hrunsins á skólastarfið

Á árunum eftir hrun drögust heildarútgjöld til menntamála hér á landi saman um 15,9% (Hagstofa Íslands, 2016) og hafa áhrif þessa á skólastarf mælst mismikil í rannsóknum. Eygló Illugadóttir (2011) segir að kreppan hafi haft lítil áhrif á innra starf leikskóla en niðurskurður hafi bitnað á yfirvinnu kennara og símenntun. Í öðrum rannsóknum koma fram ýmis áhrif á leikskóla, starfsaðstæður kennara og faglegt starf (Bergljót Sif Stefánsdóttir, 2014; Ólafía Guðmundsdóttir, 2011). Sigríður Björk Gylfadóttir (2011) segir leikskólastjóra hafa sérstakar áhyggjur af faglegu starfi í ljósi þess hvernig niðurskurður hefur fækkað möguleikum til funda. Á sama tíma og skorið var niður hafi bæst verkefni á skólastjóra, svo sem í kjölfar nýrrar aðalnámskrár (Aðalnámsskrá leikskóla, 2011). Rannveig Jónsdóttir (2012) telur takmarkaða möguleika á fundum eina helstu hindrun þess að þróa megi faglegt lærdómssamfélag og það er ljóst að niðurskurður hefur komið niður á faglegu starfi leikskóla (Laufey Axelsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2014). Steinunn Helga Lárusdóttir o.fl. (2015) segja að síður hafi tekist að vernda starfið í leikskólum en grunnskólum og kennarar séu vonlittir um að breyting verði til batnaðar.

Niðurstöður rannsókna sýna einnig að á árunum eftir hrun er þreyta í kennurum og skólastjórar telja nóg að gert í hagræðingu (Sigurlína Davíðsdóttir o.fl., 2012), álag hafi aukist, forföll séu meiri og þau hafi aukist jafnt og þétt síðustu ár (Anna R. Árnadóttir o.fl., 2014). Fjarvistir starfs-

manna af þessum sökum eru kostnaðarsamur liður í rekstri skóla (Arney Einarisdóttir, 2007) og því ljóst að niðurskurður hefur að þessu leyti verið dýrkeyptur, en fleira kemur til. Rannsóknir á kennarastarfinu hafa sýnt að kennarar telja starfið streituvaldandi og að álag hafi aukist síðustu árin (Anna Þóra Baldursdóttir og Valgerður Magnúsdóttir, 2007; Dunlop og Macdonald, 2004; Rentzou, 2012). Í umfangsmikilli rannsókn Gerðar Ólínu Steinþórsdóttur (2014) mældist kulnun mun meiri meðal leikskólastjóra en grunnskólastjóra og virtist sama frá hvaða sjónarhóli lítið var. Fleiri íslenskar rannsóknir sýna að leikskólastjórar upplifa starfið sem streituvaldandi, stundum langtímum saman, og sumir finna fyrir einkennum kulnunar (Lilja Kolbrún Steinþórsdóttir, 2015; Ólafur Brynjar Bjarkason, 2014). Kulnun getur síðan haft það í för með sér að skólastjórnendur og kennarar flosni upp úr starfi. Mintzberg (2003) telur að eitt erfiðasta hlutverk skólastjórnenda sé að fást við ógnanir og þá reyni á hæfileika þeirra til að takast á við vandann og hafa jákvæð áhrif á kennara. Hið sama segir Sergiovanni (2009) en hann telur mikilvægt að skólastjórnendur geti verið þátttakendur í skólastarfinu og talað fyrir því sem fyrir liggur hverju sinni. Til að læra megi af aðstæðum í skólum á krepputímum skipti mestu máli að horfast í augu við að mögulega gangi ekki allt vel (Smith og Elliot, 2007) og vinna út frá því. Þannig geti skólar fremur tekist á við stór verkefni líkt og hrúði færði þeim í fang (Jimerson, Brock og Pletcher, 2005).

Aðferð

Gagnaöflun var í formi rafrænnar spurningakönnunar sem send var til 106 leikskólastjóra í mars 2014. Í úrtakinu voru 42% allra leikskóla í landinu og voru þeir jafnt í dreifbýli og þéttbýli. Svarhlutfallið var 64%. Rafræn spurningakönnun gefur kost á að safna gögnum á skömmum tíma og svör í slíkum könnunum eru talin sýna sterk tengsl milli þess sem fólk segist gera og þess sem það gerir (Þorlákur Karlsson, 2003).

Markmiðsúrtak (e. purposive sample) var notað til að velja þátttakendur með markmið rannsóknarinnar í huga (Þorlákur Karlsson og Þórólfur Þórlindsson, 2003). Íbúatölur sveitarfélaga voru skoðaðar, sem og fjöldi leikskóla á svæðinu, og með hliðsjón af því ákveðið hvaða sveitarfélögum yrði boðin þátttaka í rannsókninni. Könnunin var send til allra leikskóla í viðkomandi sveitarfélögum og var sambærilegur fjöldi þeirra í dreifbýli og þéttbýli. Það var gert til að ná til skólastjóra sem starfa við mismunandi aðstæður og fá þannig fram fjölbreytt sjónarhorn. Langflestir skólanna skilgreinast sem stærri skólar (með tvær deildir eða fleiri) og voru ýmist reknir af sveitarfélögum eða einkareknir. Að fengnu leyfi viðkomandi rekstraraðila var sendur tölvupóstur á netföng skólanna með beiðni um þátttöku.

Spurningakönnunin var samin sérstaklega fyrir þessa rannsókn og fylgt var leiðbeiningum Þorláks Karlssonar (2003). Hún var samin í þeim tilgangi að fá sem gleggstar upplýsingar um það hvort efnahagshrunið 2008 hefði haft áhrif á rekstrarumhverfi leikskóla og starfið í skólunum og ef svo hefði verið hvernig það hefði helst birst. Spurt var um þær aðstæður sem sköpuðust í leikskólunum eftir hrun, en einnig um mat leikskólastjóra á áhrifum þeirra. Könnunin var nafnlaus og ekki var hægt að rekja svörin til einstakra svarenda. Í könnuninni voru 12 spurningar auk bakgrunnsspurninga og var það þátttakendum frjálst hvort þeir svöruðu þeim öllum eða hluta þeirra. Tvær spurninganna voru opnar en tíu voru tvíþættar, annars vegar lokaðar spurningar á Likert-kvarða með fastmótuðum svörum til að velja úr og hins vegar hálfopnar spurningar þar sem þátttakendur voru beðnir um ýtarlegri upplýsingar og gefinn var möguleiki á skrifuðum svörum. Dæmi um slíka spurningu:

- a) Telur þú að efnahagshrunið 2008 hafi haft áhrif á stoðþjónustu skólans?
- b) Svarmöguleikar: Mjög mikil, frekar mikil, frekar lítil, engin.
- c) Ef áhrifin voru einhver, geturðu lýst þeim nánar?

Svarhlutfall í könnuninni var 64% eða frá 68 skólastjórum. Heldur fleiri skólastjórar úr þéttbýli en dreifbýli svöruðu könnuninni og langflestir þeirra voru frá stórum skólum. Niðurstöðurnar voru skoðaðar sem ein heild en ekki með tilliti til staðsetningar eða stærðar skóla. Svörin við opnum og hálfopnum spurningum voru þemagreind og leitað að sameiginlegum þráðum í svörum þátttakenda. Skoðað var að hvaða þáttum í rekstri og starfi leikskóla umræðan um efnahagshrunið og áhrif þess beindist. Að því marki sem sveitarfélögin sem valin voru endurspeglu heildina ættu svör

leikskólastjórnanna að lýsa nokkuð vel áhrifum hrunsins á leikskólana. Aðstæður í leikskólum og samfélaginu öllu hafa breyst hratt á þeim árum sem liðin eru frá hruni og því ekki líklegt að hægt sé að yfirfæra niðurstöður til langs tíma lítið.


Niðurstöður

Hér verður gerð grein fyrir því að hvaða marki leikskólastjórar telja að efnahagshrunið hafi haft áhrif á starfsemi leikskólans og hvernig þau áhrif lýsa sér. Kaflanum er skipt upp í tvo meginkafla, annars vegar kafla um þá þætti sem snúa að rekstrarumhverfi leikskólanna og stjórnun og hins vegar kafla um þau áhrif sem hrunið og þær rekstrarlegu ákvarðanir sem fylgdu í kjölfar þess höfðu á faglegt starf skólanna. Skilin þarna á milli eru þó oft á tíðum óljós og ákvarðanir sem teknar eru varðandi rekstrarlega þætti hafa óhjákvæmilega áhrif á þætti er lúta að faglegu starfi. Þegar gögnin voru greind komu fram þemu sem gerð verður nánari grein fyrir í undirköflum.

Áhrif á rekstrarumhverfi

Niðurstöður sýna að 66% ($n=67$) leikskólastjóra töldu að hrunið hefði haft mjög eða frekar mikil áhrif á rekstrarumhverfi leikskólans en 34% töldu að það hefði lítil eða engin áhrif haft. Þegar svör skólastjórnanna við hálfopnum spurningum eru skoðuð kemur í ljós að margir skólastjórnanna virðast hafa upplifað að hrunið hafi haft áhrif á nánast alla þætti starfseminnar, eða eins og einn þeirra orðar það: „Það var allt dregið saman. Einungis er fjármagn í það allra helsta. Ef eitthvað þarf meira þá þarf að sækja um það sérstaklega.“ Annar segir: „Það var einfaldlega ekki til neinn peningur.“

Skólastjórar voru spurðir nánar út í áhrif hrunsins á rekstrarlega þætti, svo sem stjórnun, fjárhagsáætlanagerð og sumarlokun og á mynd 1 má sjá hvernig þeir mátu áhrifin.



Mynd 1 – Áhrif efnahagshrunsins á rekstrarlega þætti.

Stjórnun

Ef rýnt er í mynd 1 má sjá að 52% ($n=66$) leikskólastjórnanna telja að hrunið hafi haft mjög mikil eða frekar mikil áhrif á stjórnun skólans og er niðurskurður í starfsmannahaldi nokkuð sem leikskólastjórum var tíðrætt um. Sums staðar var öll yfirvinna tekin af og fjármagn sem ætlað var til veikindaafleysinga var ýmist skert eða skorið alveg niður. Í sumum skólanna mátti ekki kalla út fólk í afleysingar eða biðja fólk í skertu starfshlutfalli að vinna lengur en vinnutíma sinn. Einn skólastjórnanna orðar þetta svo:

Veikindaafleysing var skert, kom smá til baka en mun ekki koma öll til baka, búið að gefa það út. Þetta þýddi önnur endurröðun á deildir þar sem áður var þessari afleysingu dreift á allar deildir, núna eru 2 stöður (8-14) sem sinna þessu og þá engin afleysing eftir kl.14.

Niðurskurður gat þýtt að leikskólastjórar yrðu að ganga inn í afleysingar og það olli því að þeirra störf biðu á meðan og voru unnin á síðustu stundu eða jafnvel utan umsamins vinnutíma. Á sama tíma jukust kröfurnar um skil á skýrslum, úttektum og þátttöku í ýmiss konar verkefnum, eins og kemur fram í þessu svari:

Já, vegna þess að skorinn er niður fundartími og ekki nægilegur skilningur á þörf fyrir undirbúningstíma. Kröfurnar verða sífellt meiri um alls konar skil á skýrslum, úttektum og þátttöku í ýmiss konar verkefnum sem krefjast tíma. En skilningur virðist ekki vera nægilegur á því að til þess að hægt sé að vinna þetta allt þarf að finna tíma og á meðan hann er ekki aukinn (aukið fjármagn) þá er erfitt að koma þessu við. Maður hamast og keppist við tímann en finnst maður aldrei ná að klára verk.

Starfshlutfall vegna stjórnunarstarfa, t.d. aðstoðarleikskólastjóra og/eða sérkennslustjóra, var í einhverjum tilfellum skorið niður þannig að álag á leikskólastjóra jókst. Sums staðar var viðbótarstjórnunarhlutfall sem þeir höfðu áður haft tekið af. Eftir sat leikskólastjórinn uppi með of mörg verkefni á sinni könnu. Einnig var talað um að eftir hrun hefðu strangari reglur gilt varðandi endurráðningar í störf og jafnvel ekki fengist leyfi til að ráða inn í staðinn fyrir þá sem hættu. Í einhverjum tilvikum var skólum gert að halda faglærðu fólki innan ákveðins fjölda eða eins og einn skólastjórinn sagði: „90% þak á fagfólk, máttum ekki ráða þann hæfasta, auglýstum eftir ófaglærðu fólki.“ Nokkrir nefndu þó að meiri stöðugleiki væri í starfsmannahaldi því starfsfólk væri uggandi um afkomu sína og þyrði ekki að skipta um starfsvettvang.

Í svörum leikskólastjórana kemur fram að eftir hrun hafi samstarfsfundir í miklum mæli verið skornir niður, sums staðar fækkað um helming og í einhverjum tilfellum lagðir af með öllu. Á það bæði við um þá fundi sem haldnir voru á dagvinnutíma og þá sem haldnir voru eftir að hefðbundnum vinnutíma lauk, samanber þessi orð eins leikskólastjórans: „Starfsmannafundum fækkaði úr 9 í einn og hefur það veruleg áhrif á samstarf og samvinnu allra starfsmanna.“ Mun minni fundartími þýddi að erfitt var að skipuleggja faglegt starf og standa við lögbundinn undirbúning leikskólakennara. Einn leikskólastjórinn talar um að undirbúningstímar kennara falli oft niður vegna veikinda. Þeir eigi svo að vinnast síðar eða heima en misjafnt sé hvernig það skili sér til skólans. Þetta var þó ekki raunin alls staðar.

Í einhverjum tilvikum brugðu skólastjórar á það ráð að halda samráðstímum inni á dagvinnutíma en í stað þess að kalla til afleysingafólk og var barnahópnum dreift á þá kennara sem ekki funduðu í það skiptið. Einn leikskólastjórinn lýsir þessu svona: „Samráðstími skorinn niður, samráðstíma stolið frá börnunum og er hann óreglulegur og skilar ekki eins góðum árangri og áður. Hann er unnin á hlaupum og undir miklu álagi.“ Leikskólastjórar hafa áhyggjur af því að þessi niðurskurður komi niður á faglegu starfi skólanna.

Gerð fjárhagsáætlana

Niðurstöður sýna að 71% ($n=66$) leikskólastjórana taldi að hrúnið hefði haft mjög eða frekar mikil áhrif á fjárhagsáætlanagerð leikskólans (sjá mynd 1). Í svörum þeirra kemur fram að farið hafi verið ofan í allan reksturinn til að finna út hvar hægt væri að spara og umræður á fundum hafi að verulegu leyti snúist um það hvar hægt væri að spara og draga saman. Niðurskurður hafi verið mikill og fjárveitingar skertar á flestum sviðum eða eins og einn þeirra segir: „Þrengt var verulega að fjárhag sem þröngur var fyrir.“ Einn skólastjóri talar um að engar nýframkvæmdir hafi átt sér stað og annar talar um niðurskurð bæði hvað varðar rekstur og viðhald húsnæðis og lóðar.

Endurnýjun á tölum og öðrum tækjabúnaði er nokkuð sem leikskólastjórar tala um að hafi nánast alveg verið skorið niður, en einnig virðist fjármagn til matarinnkaupa í einhverjum tilfellum hafa verið minnkað eða ekki gert ráð fyrir hækkanum verðlagi. Einn leikskólastjórinn lýsir þessu svona: „Meira aðhald (ekki gert ráð fyrir verðhækkunum) í innkaupum bæði matar og annarra innkaupa.“ Einnig var nefnt að í niðurskurði hefðu ekki verið teknar með í reikninginn hækkanir á t.d. fæðis-

kostnaði og einn talar um að það sé lífróður að halda skólanum innan fjárhagsáætlunar. Fjárveitingar til annarra efniskaupa en matvæla voru einnig skornar mikið niður. Má þar nefna kostnaðarliði eins og húsgögn, leikföng, föndurvörur og önnur námsgögn. Einn skólastjórinn segir að ekki hafi verið hægt að kaupa neitt nema það allra nauðsynlegasta. Á sama tíma hafi öll aðföng orðið dýrari og kostnaður við framkvæmdir meiri.


Sumarlokun

Svo virðist sem hrúnið hafi lítil áhrif haft á sumarlokun leikskóla en í niðurstöðum kom fram að 75% ($n=66$) leikskólastjóranna töldu að hrúnið hefði lítil eða engin áhrif haft á þennan þátt. Þeir sem segja það hafa haft áhrif nefna flestir að sumarlokunin hafi verið lengd, oftast á þann veg að í stað fjögurra vikna hafi verið lokað í fimm vikur: „Það var ákveðið að loka í 5 vikur sumarið 2009 til þess að starfsfólk gæti klárað sumarfríð sitt svo ekki þyrfti að ráða inn afleysingu.“ Þessi ráðstöfun var vissulega ódýrari fyrir sveitarfélagið því færri fólk þurfti að ráða í afleysingar og sumir töldu að lengri sumarlokun hefði lítil áhrif á starfið og væri jafnvel til bóta: „Tel jákvætt að allir fari í sumarfrí á sama tíma. Börn og kennarar koma úthvíldir saman til leiks.“ Hins vegar skapaði þessi lengdi lokunartími óánægju hjá mörgum foreldrum. Í nokkrum tilfellum var sumarlokun látin standa óbreytt en þar sem sumarafleysingar höfðu verið skornar niður og jafnvel teknar alveg af í sumum tilfellum var erfitt um vik að manna lögbundið sumarleyfi starfsmanna og skólinn því undir-annaður um lengri eða skemmri tíma.

Áhrif á faglegt starf

Leikskólastjórar voru spurðir hvort hrúnið hafi haft áhrif á faglegt starf leikskólans og svara 60% ($n=65$) þeirra að það hafi lítil eða engin áhrif haft, en 40% að það hafi haft mjög mikil eða frekar mikil áhrif. Þeir leikskólastjórar sem telja það hafa haft áhrif, tala um lítinn tíma til að sinna faglegum þáttum vegna tímaskorts og álags vegna annarra verkefna.

Skólastjórnir voru einnig spurðir um áhrif niðurskurðar á daglegt starf og stoðþjónustu. Á mynd 2 má sjá hvernig leikskólastjórar mátu áhrifin.



Mynd 2 – Áhrif efnahagshrunsins á faglega þætti.

Daglegt starf

Þegar spurt var um áhrif efnahagshrunsins á daglegt starf í leikskólanum sögðu 78% ($n=68$) leikskólastjóranna að hrúnið hefði haft lítil eða engin áhrif (sjá mynd 2). Þeir sem nefna áhrif tala um færri stöðugildi og fleiri börn í umsjá hvers kennara og þeim verður tíðrætt um álag sem birtist með ýmsu móti. Sumir tala um að þeir finni fyrir streitu og kulnun starfsmanna.

Þar sem víða mátti ekki ráða í afleysingastöður jókst vinnuálag á þá sem fyrir voru ef veikindi komu upp í starfsmannahópnum og sumir skólastjóranna tala um að vítahringur hafi jafnvel skapast og veikindi starfsmanna aukist. Einn þeirra lýsir þessu svona: „Mjög var lagt að stjórnendum að spara í kostnaði vegna afleysinga, s.s. vegna veikinda starfsmanna. Það leiddi svo af sér meira álag á starfsfólkið og spurning hvort það hefur ekki haft í för með sér enn frekari forföll vegna veikinda.“

Eins og kom fram í niðurstöðum um rekstrarlega þætti var samráðstímum og skipulagsfundum víða fækkað og hafði það áhrif á daglegt starf. Einn skólastjórinn sagði: „Þar sem fundum fækkaði var öll vinna vegna verkefna og hópastarfs unnin á dagvinnutíma og þar með hefur það álag í för með sér á deildum.“ Leikskólastjórar telja sig einnig merkja að ýmsir erfiðleikar og mótlæti í persónulegu lífi fólks, sem að einhverju leyti megi rekja til hrunsins, skapi álag á starfsvettvangi eins og birtist í þessu svari:

Meira álag, aukin verkefni og líkamlega og andleg heilsa starfsmanna oft ekki góð, sem klárlega má rekja til erfiðleika á mörgum heimilum. Einnig hefur slíkt álag á heimilum barna áhrif inn í skólann, t.d. með meiri aðkomu kennara sem stuðningur við foreldra.

Þannig telja þeir að aðstæður valdi því að þeir þoli vinnutengt álag verr og það bitni á starfinu.

Stoðþjónusta

Áhrif hrunsins ná líka til stoðþjónustunnar en niðurstöður sýna að 41% ($n=66$) leikskólastjóranna telur að þeirra áhrifa hafi gætt mjög eða frekar mikið og þau hafi birst með ýmsum hætti. Þeir tala um „minna fjármagn, sem svo bitni á þeim börnum sem á slíkri þjónustu þurfa að halda.“ Margir þeirra segja að börnum sem þurfa á stoðþjónustu að halda hafi fjölgað og biðlistar, bæði hvað varðar greiningar og þjónustuna almennt, hafi lengst. Einn þeirra lýsir þessu svona:

Börnum sem þurfa á sérkennslu að halda fjölgar (af einhverjum ástæðum) en sérfræðingum sem hægt er að leita til fjölgar ekki og ekki einu sinni hægt að ráða alltaf í þær stöður sem leyfi er fyrir vegna þess að bærinn er ekki samkeppnishæfur í launamálum.

Þeir segja að starfsmönnum í stoðþjónustu hafi fækkað og stöðugildi þeirra sem sinna þjónustunni hafi í mörgum tilfellum verið minnkað. Það komi svo niður á þeim börnum sem þurfi á talkennslu eða iðjupjálfun að halda. Í einum skólanna mátti ekki ráða í stöðu talmeinafræðings sem fór í fæðingarorlof og í öðrum skóla reyndist erfitt að ráða talkennara því starfshlutfall hans hafði verið minnkað.

Skólastjórnir tala um að agavandamál hafi aukist og erfiðum tilfellum fjölgað en á sama tíma sé erfiðara að fá inn stuðning. Sum staðar hafi verklagsreglum verið breytt þannig að svigrúm til að styðja við deildir þar sem álag er mikið af þessum sökum hafi minnkað:

Endurskoðun varð á verklagsreglum um sérkennslu og þær þrengdar verulega – börn á gráu svæði eða með hegðunarerfiðleika falla hvergi núna. Börn þurfa að vera með greiningu frá viðurkenndum aðilum og falla undir ákv. flokka til að fá sérstuðning.

Þó margir skólastjórar upplifi niðurskurð á þessum þætti starfseminnar er það ekki algilt. Einn þeirra segir: „Starfsmannafundur teknir af en reyndum að gera okkar besta gagnvart börnunum. Þau fengu alla sérfræðiaðstoð sem þurfti.“ Einnig kom fram að skólastjórar teldu að bið eftir úræðum hefði lengst.

Námskrágerð og þróunarstarf

Þar sem undirbúnings- og starfsmannafundum hefur víða verið fækkað hefur samráðstími orðið minni. Af því leiðir að námskrárvinna og þróunarstarf virðist víða hafa orðið að sitja á hakanum og tala margir leikskólastjórnanna um lítinn tíma til að sinna slíku. Í sumum skólum virðist slíkt starf alveg hafa legið niðri um tíma vegna skorts á fjármagni.

Margir leikskólastjórnanna tala um að ekki hafi mátt ráða verkefnastjóra til að halda utan um þróunarstarf og því hafi slík verkefni, sem starfsfólk hafi þó reynt að sinna, þýtt aukið álag og streitu fyrir alla. Einn þeirra lýsir þessu svona: „Fagfólk komið í þrot. Vantar fjármagn, tíma og virðingu fyrir starfi sínu. Fólk talar um kulnun þar sem vantar fagfólk til að fylgja faglegri vinnu.“ Ef til vill má segja að eftirfarandi orð eins leikskólastjórans dragi ágætlega saman svör leikskólastjórnanna í heild:

Stefnumótun og skólanámskrágerð er algjörlega á höndum leikskólastjóra þar sem skipulagsdagur fara í forvinnu á skólanámskrá en enginn tími í að setja hana saman í hóp. Þróunarstarf er ekkert þar sem ekki er hægt að ráða verkefnisstjóra. Á sama tíma hefur hrúnið haft í för með sér að mikið af fagfólki hætti störfum og fór í annað betur launað og enn aðrir fluttu úr landi.

Sums staðar hefur reynst erfitt að ráða fagfólk í stað þess sem hættir og það hefur haft áhrif á þróunarstarf og faglega starfið í skólunum.

Umræða

Meginniðurstaða rannsóknarinnar er sú að niðurskurður í kjölfar hrunsins hafði áhrif bæði á rekstrarlega og faglega þætti í leikskólum. Neikvæðra áhrifa gætti á starfsmannahald, viðhald og innkaup en einnig námskrágerð og þróunarstarf og lýsti sér í auknu álagi og veikindum kennara auk þess sem stoðþjónusta dróst saman. Sumir skólastjórnanna mátu áhrif niðurskurðar jákvæð þegar þau fólust í því að lengja sumarlokanið skóla.

Efnahagshrúnið hafði veruleg áhrif á rekstrarumhverfi leikskóla. Niðurskurður á fjármagni hafði margþætt áhrif, ekki hvað síst á starfsmannahald. Þrengt var að yfirvinnu, stjórnun skorin niður, rammi um ráðningu kennara þrengdur sem og svigrúm til að manna afleysingar, svo sem vegna veikinda. Niðurskurð bar brátt að og samkvæmt Pepper o.fl. (2010) velta áhrifin á því hvernig skólar eru í stakk búnir til að bregðast við breyttum aðstæðum. Því má ætla að áhrifin af hrúninu hafi komið mismikið niður á innra starfi skóla, ekki einungis vegna þess að þrengra varð í búi heldur vegna þess að sumir skólar ráða betur við erfið verkefni en aðrir (Fullan, 2007; Hackman og Johnson, 2009; Sergiovanni, 2006;).

Í rannsókninni kom fram að yfirvinnubann og skortur á afleysingum gerði skólastjórum erfitt um vik þegar hnika þurfti til skipulagi eða bregðast við aðstæðum sem upp komu. Þeir þurftu gjarnan að ganga í störf kennara og það olli því að þeim verkefnum sem ekki náðist að sinna innan skilgreinds vinnutíma þurfti oftast en ekki að sópa út af borðinu. Skólastjórar höfðu einnig áhyggjur af niðurskurði á fundartímum, sérstaklega hvernig hann kom niður á faglegu starfi. Þetta tónar við niðurstöður annarra um áhrif hrunsins á grunnþætti leikskóla (Sigurlína Davíðsdóttir o.fl., 2012), faglegt starf (Bergljót Sif Stefánsdóttir, 2014; Ólafía Guðmundsdóttir, 2011) og yfirvinnu (Eygló Illugadóttir, 2011) svo dæmi séu tekin. Allt eru þetta þættir sem hafa bein áhrif á starf, líðan og aðstæður barna og starfsfólks. Einnig má minna á að þegar þrengt var að fjárhagsramma skóla varð það til þess að minnka efniskaup og endurnýjun búnaðar. Aðgangur að kennsluefni skiptir máli fyrir menntun barna. Það er mikilvægt að þeim bjóðist nægilegt leikefni og margbreytilegur efniviður (sbr. Aðalnámskrá leikskóla, 2011) og kennarar hafi nauðsynleg kennslugögn.

Í skólastarfi nútímans er samvinna starfsfólks mikilvæg. Til að hægt sé að leggja í sameiningu línur um framkvæmd skólastarfsins, hvernig því verði best háttáð og hvernig námsefninu verði best komið til skila til barnanna þarf starfsfólk skólanna að geta átt um það samræðu. Niðurskurður í kjölfar hrunsins virðist hafa komið illa niður á þessum þætti samkvæmt leikskólastjórunum í rannsókninni. Ólafur Brynjar Bjarkason (2014) segir það skipta miklu fyrir leikskólastjóra að faglegir þættir séu í viðunandi horfi og þó meirihluti skólastjórnanna í rannsókninni telji að efnahagshrúnið hafi lítil áhrif haft á þætti sem flokka má undir faglegt starf er margt sem bendir til þess að

hagræðingaraðgerðir hafi vegið að faglegu starfi skólanna. Samráðsfundir eru kostnaðarsamir, hvernig sem á málin er litið, en það getur einnig verið dýrkeypt að draga úr þeim, ekki einungis út frá faglegum sjónarmiðum. Þegar fundað er á skólatíma og börnum bætt á aðra kennara hefur það í för með sér álag sem getur á endanum leitt til veikinda kennara.

Álag og aukin veikindi virðast vera fylgifyiskar hagræðingaraðgerða sveitarfélaga. Skólastjórar hafa áhyggjur af líðan kennara og tala um kulnun sem raunverulega vá. Þeir líta á þetta sem ákveðinn vítahring, álag valdi veikindum og veikindi valdi viðbótarálagi. Niðurstöður annarra rannsókna sýna hið sama (Sigurlína Davíðsdóttir o.fl., 2012), að álag og áreiti valdi forföllum og kostnaður rekstraraðila vegna veikinda sé meiri en áður (Anna R. Árnadóttir o.fl., 2014). Sum sveitarfélög hafa brugðið á það ráð að loka skólum svo kennarar geti fundað. Þannig er afleiðingum velt yfir á foreldra og það veldur óánægju. Það getur einnig komið niður á faglegu starfi skólanna ef fundartími kennara er skertur. Þegar hrúnið skall á var nýlega búið að setja ný lög um leikskóla (lög nr. 90/2008), og í framhaldinu leit ný menntastefna dagsins ljós sem kristallaðist í aðalnámskrám sem tóku gildi 2011. Skólar stóðu frammi fyrir miklum breytingum og vinnu við að innleiða nýjar áherslu og á sama tíma var þrengt að fjárhagsramma þeirra. Námskrárvinna og þróunarstarf eru þeir þættir sem helst urðu undan að láta í niðurskurðinum á tíma þegar helst hefði þurft að efla þá og styrkja. Í rannsóknum hefur komið fram að skólastjórar kalla eftir meira samráði um málefni leikskóla, ekki síst þegar mikið liggur við og samráð er þeim mikilvægt (Steinunn Helga Lárusdóttir o.fl., 2015; Þórunna Rósa Ólafsdóttir, 2014). Skortur á samráði getur verið bein hindrun fyrir því að vel takist til (Guðbjörg Gunnarsdóttir, 2015). Margt bendir til að yfirmenn menntamála og rekstraraðilar leikskóla þurfi að eiga samtál við fagfólkið, leikskólakennarana.

Fram kom í rannsókninni að skólastjórar segðu niðurskurð hafa bitnað á stuðningi við börn með sérþarfir og að bið eftir aðstoð hefði lengst um leið og erfiðari tilfellum fjölgaði. Samkvæmt tölum frá Hagstofunni er þetta mat þeirra rétt; á árunum 2008 til 2015 fjölgaði börnum með sérþarfir úr 934 í 1979 og erlendum börnum fjölgaði úr 1521 í 2435 (Hagstofa Íslands, e.d.b; Hagstofa Íslands, e.d.c). Á sama tíma var skorið niður í stoðþjónustu, þvert á þá stefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga og stjórnvalda að standa vörð um grunnþjónustuna (Samstarfsyfirlýsing ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, 2009). Í skólunum er því vaxandi hópur barna sem þarf á aðstoð að halda og mikilvægt að þau fái aðstoð sem fyrst, kennarar fái nauðsynlegt svigrúm til að mæta þörfum þeirra og stuðning til að sinna þeim. Bregðist það getur það haft slæmar afleiðingar til lengri tíma litið. Ekki má heldur líta fram hjá því að viðvera barna í leikskólum er löng, lengri en fyrir hrun (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2011b). Rannsakendur benda á að löng viðvera yngstu barnanna sé sérstakt áhyggjuefni (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2009; Arna H. Jónsdóttir, 2012; Arna H. Jónsdóttir o.fl., 2013). Þetta á ekki hvað síst við ef aðbúnaður kemur niður á líðan og öryggi barnanna (Laufey Axelsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2014).

Mikilvægt er að rannsaka betur áhrif niðurskurðar í skólakerfinu á börnin, menntun þeirra og aðstæður í skólunum, ekki síður en áhrifin á faglegt starf. Sveitarfélögin hafa það mikilvæga verkefni á hendi að styðja menntunarhlutverk leikskóla. Það fylgir því kostnaður að mennta íslensk leikskólabörn og til samanburðar má nefna að í Bandaríkjunum er það metin ein stærsta hindrunin í rekstri skóla fyrir yngri börn hve litlu fjármagni er varið í málaflokkinn. Rannsóknir hafa einnig sýnt að ef vandað er til í starfi með yngri börnum hefur það ekki einungis áhrif til skemmri tíma heldur endast áhrifin inn í fullorðinsárin (Rhodes og Huston, 2012). Það má því færa rök fyrir því að það sé ekki síður kostnaðarsamt að spara í menntun yngstu þjóðfélagsþegnanna.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011: Almennur hluti /2011. Sótt af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>

Anna R. Árnadóttir, Erna Rós Ingvarsdóttir, Gréta Björk Halldórsdóttir, Halla

Steingrimsdóttir, Hrafnhildur G. Sigurðardóttir, Karl Frímannsson og Katrín Jóhannesdóttir. (2014, apríl). *Könnun á álagi í leikskólum Akureyrarbæjar: Skýrsla starfshóps*. Sótt af

http://www.akureyri.is/static/files/skoladeild/skyrslur/skyrsla_um_alag_leikskolum_2014.pdf

Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Eygló Björnsdóttir. (2016, september). Sumarlokun leikskóla: Áhrif á starf og starfsaðstæður. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af http://netla.hi.is/greinar/2016/ryn/03_ryn_arsrit_2016.pdf

Anna Magnea Hreinsdóttir. (2009). *Af því að við erum börn: Lýðræðislegt umræðumat á menntun barna og þjónustu fjögurra íslenskra leikskóla* (óútfengin doktorsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/4331>

Anna Þóra Baldursdóttir og Valgerður Magnúsdóttir. (2007). Jákvætt starfsumhverfi kennara: Aukin vinnugleði. *Uppeldi og menntun*, 16(2), 29–44.

Anna H. Jónsdóttir. (2012). *Professional roles, leadership and identities of Icelandic preschool teachers: Perceptions of stakeholders* (óútfengin doktorsritgerð). Institute of Education, University of London, London. Sótt af <http://skemman.is/handle/1946/13199>

Anna H. Jónsdóttir, Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2013, desember). Leikskóla-byrjun og lengd dvalartíma: Sjórnarmið leikskólakennara og leiðbeinenda. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérítt 2013 – Rannsóknir og skólastarf*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir_og_skolastarf/001.pdf

Arney Einarsdóttir. (2007). Áhrifavaldar starfsánægju og hvatningar: Íslensk stöðlun og prófun á evrópsku starfsánægjuvísitölunni. Í Ingjaldur Hannibalsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VIII. Viðskipta og hagfræðideild* (bls. 39–50). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Bergljót Sif Stefánsdóttir. (2014). *Sá verður að vaka, sem á að halda öðrum vakandi: Hlutverk leikskólastjóra eftir efnahagshrun og framtíðarsýn þeirra* (óútfengin meistara ritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/19463>

Borland, E. og Sutton, B. (2007). Quotidian disruption and women's activism in times of crisis: Argentina 2002-2003. *Gender & Society*, 21(5), 700–722. Sótt af <http://gas.sagepub.com/content/21/5/700.full.pdf+html>

Bryndís Elfa Valdimarsdóttir og Sigurbjörg Rún Jónsdóttir. (2011). *Viðtalsrannsókn. Skólastjórar leik- og grunnskóla á Akureyri*. Akureyri: Skóladeild Akureyrar. Sótt af http://www.akureyri.is/static/files/skoladeild/stjornkerfi/skyrslur/Vidtalsrannsokn_skolastjora_%20leik-%20og%20grunnskola_Akureyri.pdf

Börkur Hansen, Ólafur H. Jóhannsson og Steinunn Helga Lárusdóttir. (2008). Breytingar á hlutverki skólastjóra í grunnskólum – kröfur, mótsagnir og togstreita. *Uppeldi og menntun*, 17(2), 87–106.

Dunlop, C. A. og Macdonald, E. B. (2004). *The teachers' health and wellbeing study Scotland*. Glasgow: University of Glasgow.

Elín Björk Einarsdóttir. (2014). *Sameining leikskóla Reykjavíkurborgar: Upplifun starfsmanna* (óútfengin meistara ritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af <http://skemman.is/handle/1946/19830>

European Commission/EACEA/Eurydice/Eurostat. (2014). *Key data on early childhood education and care in Europe. 2014 Edition: Eurydice and Eurostat Report*. Luxembourg: Publications Office of the European Union. Sótt af http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/key_data_series/166en.pdf

Eygló Illugadóttir. (2011). *Efnahagshrunið og skólastarf á Hornafirði: Upplifun stjórnenda* (óútgefin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/10271>

Fullan, M. (2007). *The new meaning of educational change* (4. útgáfa). New York: Theachers College Press.

Gerður Ólína Steinþórsdóttir. (2014). *Er kertið þitt að brenna út skólastjóri? Kulnun grunn- og leikskólastjóra* (óútgefin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/19482>

Guðbjörg Gunnarsdóttir. (2015). „Maður staðnar ekki í þessum leikskóla“: *Rannsókn á starfsánægju reyndra leikskólakennara* (óútgefin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/23247>

Hackman, M. Z. og Johnson, C. E. (2009). *A communication perspective* (5. útgáfa). Long Grove, Illinois: Waveland Press Inc.

Hagstofa Íslands. (2016, 15. mars). Fjármál hins opinbera 2015, bráðabirgðauppgjör General government finances 2015, preliminary accounts. *Hagtiðindi* 101(6). Sótt af https://hagstofa.is/media/49563/hag_160315b.pdf

Hagstofa Íslands. (e.d. a). *Börn í leikskólum eftir aldri barna og lengd viðveru 1998–2014*. Sótt af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_skolamal_1_leikskolastig_0_IsNemendur/SKO01001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=eba750db-0072-4783-9287-8fdf660de24b

Hagstofan (e.d. b). *Börn í leikskólum með erlent móðurmál 1998-2015*. Sótt af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_skolamal_1_leikskolastig_0_IsNemendur/SKO01103.px/table/tableViewLayout1/?rxid=5e8f678c-7011-426f-94ec-443fc898d435

Hagstofan (e.d. c) *Börn í leikskólum sem nutu sérstaks stuðnings 1998-2015*. Sótt af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_skolamal_1_leikskolastig_0_IsNemendur/SKO01105.px/table/tableViewLayout1/?rxid=8c93b222-ce17-4fa3-a01b-58b20886b8d5

Hallur Símonarson. (2014). *Úttekt á aðdraganda stofnunar skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og sameiningarferli skóla*. Reykjavík: Endurskoðun Reykjavíkurborgar. Sótt af http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/uttekt_-_addragandi_stofnunar_skola-_og_fristundasviðs_og_sameiningarferli_skola_-_januar_-_2015.pdf

Herbane, B. (2014). Information value distance and crisis management planning. *SAGE Open*, 4(2), 1–10. doi:10.1177/2158244014532929

Hjördís Sigursteinsdóttir. (2010). Líðan og heilsa starfsfólks sveitarfélaga á tímum efnahagsþrenginga: Skiptir félagslegur stuðningur máli? Í Helga Ólafs og Hulda Proppé (ritstjórar). *Rannsóknir í félagsvísindum XI* (bls. 80–89). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Howley, C., Johnson, J. og Petrie, J. (2011). *Consolidation of schools and districts: What the research says and what it means*. Boulder, CO: National Education Policy Center. Sótt af <http://nepc.colorado.edu/publication/consolidation-schools-districts>

Jimerson, S. R, Brock, S. E og Pletcher, S. W. (2005). A shared foundation to facilitate international crisis intervention. *School Psychology International* 26(3): 275–296. doi: 10.1177/0143034305055974

Kristín Dýrfjörð. (2011). Áhrif nýfrjálshyggju á íslenskt leikskólastarf. *Íslenska þjóðfélagið*, 2, 47–68. Sótt af www.thjodfelagid.is/index.php/Th/article/download/30/pdf

Laufey Axelsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. (2014). Staða leikskólakennara í tveimur sveitarfélögum í kjölfar hruns. *Stjórnmál og stjórnsýsla*, 10(1), 77–98.

Lilja Kolbrún Steinþórsdóttir. (2015). *Streita í starfi leikskólastjóra: „Maður dettur ekki í draumalandið þegar maður leggst á koddann“* (óútféin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/22944>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um leikskóla nr. 48/1991.

Magnús J. Magnússon. (2014). *Í upphafi skal endinn skoða: Sameining leik-, grunn- og framhaldsskóla* (óútféin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af <http://skemman.is/handle/1946/17438>

María Birgisdóttir. (2014). *Sameiningar innan skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar: Upplifun millistjórnenda af róttæku breytingaferli* (óútféin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/17964>

Mintzberg, H. (2003). „The manager’s job: Folklore and fact.“ Í J. Reynolds, J. Henderson, J. Seden, J. Charlesworth og A. Bullman (ritstjórar), *The managing care reader* (bls. 289–295). London: Routledge.

Ólafía Guðmundsdóttir. (2011). *Starfsþróun og faglegt sjálfstraust leikskólakennara: Hvað hvetur og hvað letur?* (óútféin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/10310>

Ólafur Brynjar Bjarkason. (2014). *Samspil jákvæðni og starfsánægju: Rannsókn meðal leikskólastjóra* (óútféin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/19661>

Pepper, M. J., London, T. D., Dishman, M. L. og Lewis, J. L. (2010). *Leading schools during crisis: What school administrators must know*. Lanham: Rowman & Littlefield Education.

Rannveig Jónsdóttir. (2012). *Þáttur leikskólastjóra í þróun faglegs lærdómssamfélags í leikskólum* (óútféin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/13447>

Rentzou, K. (2012). Examination of work environment factors relating to burnout syndrome of early childhood educators in Greece. *Child Care in Practice*, 18(2), 165–181.

Rhodes, H. og Huston, A. (2012). Social policy report: Building the workforce our youngest children deserve. *Sharing Child and Youth Development Knowledge*, 26(1), 1–32. Arlington: Child Care Aware of America.

Rósa Hrönn Ögmundsdóttir. (2013). *Skólastjórnin. Hlutverk hans og dagleg störf* (óútféin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/13612>

Samband íslenskra sveitarfélaga. (2008). *Skilgreining grunnþjónustu á sviði fræðslumála*. Sótt af <http://www.samband.is/media/skolamal/Grunnthjonusta-a-svidi-fraedslumala.pdf>

Samband íslenskra sveitarfélaga. (2009). *Hagræðingaraðgerðir sveitarfélaga í skóla- og fræðslumálum – haust 2009*. Sótt af <http://www.samband.is/media/skolamal/Hagraedingaradgerdir-okt-2009.pdf>

Samband íslenskra sveitarfélaga. (2011a). *Hagræðingaraðgerðir sveitarfélaga: Fjárhagsáætlanir fyrir árið 2011* (umsjón með útgáfu Valur Rafn Halldórsson og Gunnlaugur Júlíusson). Sótt af http://www.samband.is/media/fjarmal-sveitarfelaga/Hagraedingaradgerdir_sveitarfel_2011.pdf

Samband íslenskra sveitarfélaga. (2011b). *Skólaskýrsla 2011* (umsjón með útgáfu Valgerður F. Ágústsdóttir og Magnús Karel Hannesson). Sótt af http://www.samband.is/media/skolamal/skyrsla_skolamal_2011.pdf

Samstarfsyfirlýsing ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. (2009). Sótt af http://www.stjornarrad.is/media/Skjol/rikisstjorn_8mai09.pdf

Sergiovanni, T. (2006). *The principalship: A reflective practice perspective* (5. útgáfa). Boston: Allyn and Bacon.

Sergiovanni, T. J. (2009). *The principalship: A reflective practice perspective* (6. útgáfa). Boston: Pearson.

Sigríður Björk Gylfadóttir. (2011). *Held ég myndi ekki vilja vera stjórnandi sem er ekki í tengslum við starfið: Leikskólastjórar í dreifbýli og þættir í starfsumhverfi þeirra sem hafa áhrif á þá sem faglega leiðtoga* (óútgefin meistaráritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/10317>

Sigurlína Davíðsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Anna Kristín Sigurðardóttir, Arna H. Jónsdóttir, Börkur Hansen, Ólafur H. Jóhannsson og Steinunn Helga Lárusdóttir. (2012, desember). Efnahagshrunið og skólastarf í tveimur íslenskum sveitarfélögum: Skólakreppa? *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2012/014.pdf>

Smith, D. og Elliot, D. (2007). Exploring the barriers to learning from crisis: Organizational learning and crisis. *Management Learning*, 38(5), 519–538. Sótt af <http://mlq.sagepub.com/content/38/5/519.full.pdf+html>

Steinunn Helga Lárusdóttir, Anna Kristín Sigurðardóttir, Arna H. Jónsdóttir, Börkur Hansen og Guðný Guðbjörnsdóttir. (2015, desember). Efnahagshrunið og skólastarf í Reykjavík. *Netla – Vef-tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/004.pdf>

Þorgerður Einarsdóttir. (2010). Kreppur og kerfishrun í ljósi kyngerva og þegnréttar. *Íslenska þjóðfélagið*, 1, 27–48. Sótt af www.thjodfelagid.is/index.php/Th/article/download/13/7

Þorlákur Karlsson. (2003). Spurningakannanir: Uppbygging, orðalag og hættur. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 331–350). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Þórunna Rósa Ólafsdóttir. (2014). *Reynsla skólastjóra af vinnustaðakönnunum Reykjavíkurbogar: Það sem skiptir mestu máli í mannlegu eðli í dag er hugrekki og seigla* (óútgefin meistaráritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/20052>

Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson. (2003). Um úrtök og úrtaksaðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 51–66). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Um höfunda

Anna Elísa Hreiðarsdóttir (annaelisa@unak.is) er lektor við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Hún brautskráðist frá Fósturskóla Íslands árið 1990 sem fóstura, lauk B.Ed.-gráðu frá Háskólanum á Akureyri árið 2000 og M.Ed.-prófi sex árum síðar frá sama skóla. Anna Elísa starfaði um árabil sem leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri í leikskóla. Rannsóknir hennar og þróunarverkefni snúa meðal annars að foreldrasamstarfi í leikskóla, jafnréttiskennslu yngri barna og starfi með elstu börnum leikskólans.

Eygló Björnsdóttir (eyglob@unak.is) er dósent við kennaradeild hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri. Hún lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1971 og starfaði sem grunnskólakennari við Barnaskóla Vestmannaeyja um árabil. Eygló lauk meistaraþrófi í uppeldis- og mennt-unarfræðum með áherslu á tölvu- og upplýsingatækni frá Kennaraháskóla Íslands árið 2003. Helstu rannsóknaráherslur hennar eru menntarannsóknir, notkun upplýsingatækni í námi og kennslu, fjar-kennsla, grenndarkennsla og námsefnisgerð.

Efnisorð

efnahagshrunið – leikskóli – rekstrarumhverfi leikskóla – skólastjórnun – starfsaðstæður – faglegt starf

About the authors

Anna Elísa Hreiðarsdóttir (annaelisa@unak.is) is an assistant professor at the University of Akureyri. She graduated as a kindergarten teacher in 1990, holds a B.Ed. degree in preschool teaching from the University of Akureyri (2000) and an M.Ed. degree from the University of Akureyri (2006). Anna Elísa has worked as a preschool teacher and a head teacher. Her research is focused on partnership with families in preschools, professional work with five-year-old children and gender studies. Anna has worked on several developmental projects in the same areas.

Eygló Björnsdóttir (eyglob@unak.is) is an associate professor at the Faculty of Education in the School of Humanities and Social Sciences, University of Akureyri. She graduated as a teacher from the Iceland University of Education in 1971 and enjoyed a long teaching career in elementary school. Eygló completed a Master's degree in Pedagogy and Education with a focus on computer and information technology in Education in 2003. Her main research interests are educational studies, ICT in learning, distance learning, local studies and design of curriculum materials.

Key words

Financial crisis – preschool – operational conditions – administration – work conditions – teaching



Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Eygló Björnsdóttir. (2017).

Aukið álag og áreiti: Áhrif efnahagshrunsins á leikskólastarf.

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/02>